



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2022

LIOL2IL05

Kennari	Ása Einarsdóttir asa.v.einarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga kl. 9:10-9:50.	
Námsefni	Essentials Of Anatomy And Physiologyeftir Gerard J. Tortora og Bryan Erriksson. Ljósritað litmyndahefti.	
Áfangalýsing	Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannslíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðissviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásakerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal-og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturþroska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Að vetrareinkunn sé hærri en 7,5 og að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun.		
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☒
	Heiti		Vægi
	Fjögur Moodlepróf		20%
	Þrjú kaflapróf		45%
	Lokapróf		35%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
---------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið að vegna núverandi ástands geta orðið breytingar á þessari áætlun með litlum eða engum fyrirvara.
---------------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi - starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - nota latneskheiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta - tengja byggingu líffæra-og líffærahluta við starfsemi þeirra - tengja í heild starfsemi líffærakerfanna - rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli - dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu - vinna sjálfstæð kynningarverkefni
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - nýta þekkingu sína og leikni í líffæra-og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi - greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og frávika frá henni - taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra-og lífeðlisfræði - meta trúverðugleika töfralausna um bættu heilsu - bera ábyrgð á eigin heilsu	

Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		110 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 10. - 14. janúar	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	
2. vika 17. – 21. janúar	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	Próf 1 Moodlepróf 21. janúar
3. vika 24. – 28. Janúar <i>Forvarnavika gegn einelti</i>	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	
4. vika 31. jan. – 4. febrúar	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	Próf 2 Tímapróf 3 febr.
5. vika 7. – 11. febrúar	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Æðar	
6. vika 14. – 18. febrúar	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	
7. vika 21. – 25. febrúar	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	Próf 3 Moodlepróf 25. febr
8. vika 28. feb. – 4. mars	18. kafli. Öndunarkerfi	
9. vika 7. – 11. mars	18. kafli. Öndunarkerfi	Próf 4 Tímapróf 10. mars
10. vika 14. – 18. mars	19. kafli. Melting	
11. vika 21. – 25. mars	19. kafli. Melting	Próf 5 Moodlepróf 25. mars
12. vika 28. – 31. mars	21. kafli. Þvagkerfi	
13. vika 4. – 8. Apríl <i>Starfshlaup 8. apríl? Páskafri 9. – 18. apríl</i>	21. kafli. Þvagkerfi	
14. vika 19. – 22. apríl	21. kafli. Þvagkerfi. 22. kafli. Vökva-, salta- og sýru-basajafnvægi	Próf 6 Tímapróf 20. apríl
15. vika 25. – 29. apríl	23. kafli. Æxlunarkerfi	
16. vika 2. – 6. maí	23. kafli. Æxlunarkerfi/24. kafli. Fósturþroski	Próf 7 Moodlepróf 5. maí

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ása Einarsdóttir